

nærri undravert, hversu mjög Hallfreður gat náð svipuðum tangarhöldum á Ólafi, og hann var sjálfur beittur.

Í ástamálunum varð hann sjálfum sér vandræða skáld, í trúarefnunum Ólafi konungi.

Þarna svipar einstaklingnum aftur til fjöldans eða heildarinnar. Hallfreður er að vísu neyddur Krist að biðja, en sá nauðungar sáttmáli er þó ekki skilyrðislaus. Hann tryggir sér grið fyrir ókomnum skærum með skírninni og með því að neyða Ólaf til þess að vera guðföður sinn. Kaupskapur var góður í trúmálum, í ástamálum var hann óþolandi. Trúin sjálf var Hallfreði einmitt ekkert aðalatriði. Gull og gersemar og gott brautargengi hins vegar mikils virði, og vel þess virði að taka skírn fyrir minni hlunnindi.

Þjóðin í heild sinni byrjaði sína kristnisögu með því, að skírast láta, svo eigi sundraðist friðurinn, eins og komist var að orði á alþingi árið 1000. Og enn gengur margur í söfnuðinn í því skyni að aukist gæti vegur, álit og verslun hans. Það er nú ein tegundin vandræðaskálda vorra tíma.—

Og þá er eg kominn að þriðju hliðinni í sálarlífi Hallfreðar. En hún er sleikjuskapið, eftirsóknin eftir lofi erlendra höfðingja og konunganáð. Að þannig hafi verið háttað ráði Hallfreðar í raun og veru, sést bezt á því, að hann lét sér alls ekki nægja hylli Ólafs konungs eins, heldur sótti á fund ýmissa annara þjóða- og héraðshöfðingja, og orti um þá orustubragi og lofdrápur í launa og heiðursskyni. Þetta tíðkaðist reyndar mjög meðal íslenzkra skálda þá, og átti sjálfsagt beztan og mestan þátt í því, ásamt hirðvistum Íslendinga í heild sinni, að veikja lýðveldissinni þeirra og smeygja inn sundurlyndi og óánægju hjá þeim, er mest áttu um stjórn landsins að fjalla.

Fyrir þetta skaplyndi sitt fékk Hallfreður að vísu silfur og metorð. En fyrir það, eða sem afleiðing af því, varð hann að gjörast handgenginn einum hinum versta harðstjóra og niðingi, —fyrir það varð hann að neyðast til að láta af trúarskoðunum feðra sinna, án þess að sannfæring réði úrslitum,— fyrir það varð hann að dansa sem trúður í konunga höllum og yrkja lítt nýt hræsnis og hróskvæði, hégómagjörnum konungmönnum til